

Nr. 51.

30.
júli.

Lög

um

meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje eða hris öðru vísi en svo, að höggvið sje innan úr eða skógurinn og kjarrið að eins grisjað. Ekkert svæði má berhöggva, nema landið sje tekið til ræktunar. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjörum má ekki kippa upp. Ekki má heldur án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarða rífa beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng nje mel. Mosa má og ekki rífa, nema á skóg- og kjarrlausu mýrlendi. Ennfremur er skógræktarstjóra og skógarvörðum heimilt að banna að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og úbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir samkv. reglum þeim, er getur um í 2. gr. skipa fyrir um hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess að höggva á alt að 100 ferhyrningsfaðma svæði í skógunum eða kjarrinu til þess að sýna hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur og notendur skóga og kjarrs geta eigi bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, nje heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem það er girt eða ógirt.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra, ef fje er veitt til þess úr landssjóði, að taka alt að 10 dagsláttna stórt skógar eða kjarrsvæði á jörðum ein-
Nr. 51. Lög 30. júli um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Nr. 51.

30.
Juli.

Behandling af Skove og Krat samt Fredning af Lyng m. m.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Skove og Krat er Hugst af Træer eller Ris ikke tilladt, medmindre den foregaar ved Udtynding eller Gennemhugning. Ingen Steder maa der hugges rent af, medmindre Jorden optages til Dyrkning. Oprykning af Birkebuske eller Birkerødder i Skov eller Krat maa ikke finde Sted. Uden Forstmesterens eller Skovfogders Tilladelse maa Lyng, Melbærris, Revling, Blaabærris eller Marehalm heller ikke oprykkes. Mos maa ikke oprives, undtagen paa skov- og kratfri Mosegrund. Endvidere er det Forstmesteren og Skovfogderne tilladt at forbyde Oprykning af Dværgbirk og Pil paa de Strækninger, hvor saadant maa antages at kunne foraarsage Muldjordens Bortblæsning eller betydelige Beskadigelser.

§ 2.

Nærmere Regler angaaende Behandling af Skov og Krat fastsættes af Ministeriet efter Indstilling fra Forstmesteren og uddeles blandt Beboerne af de Egne, hvor der findes Skov eller Krat.

§ 3.

Forstmesteren eller Skovfogederne paa hans Foranstaltning skal hvert Aar besøge de Egne, hvor der er Skov eller Krat af nogen Betydning, for i Henhold til de i § 2 ommeldte Regler at give Forskrifter med Hensyn til Hugsten. De skulle ogsaa vejlede Brugeren af Skov eller Krat med Hensyn til Udførelsen af de af dem givne Forskrifter, hvorhos Brugeren ikke kan undslaa sig for at ledsage dem i Skoven eller Krattet. Ejeren eller Brugeren er endvidere pligtig til uden Vederlag at levere Arbejdskraft til Prøvehugst paa en Parcel af indtil 100 Kvadratfavnes Størrelse.

§ 4.

Ejeren og Brugeren af Skove og Krat kan ikke forbyde Forstmesteren, Skovfogeder, Repstyrere eller andre, hvem Tilsynet maatte blive overdraget, Færdsel paa deres Grund, hvad enten denne er indhegnet eller ikke.

§ 5.

Regeringen kan, hvis Penge bevilges dertil af Landskassen, efter Forstmesterens Indstilling indtage til Fredning Krat- og Skovstrækninger af indtil 10 Dagslætters Stør-
Nr. 51. Lov af 30. Juli om Behandling af Skove og Krat samt Fredning af Lyng m. m.

Nr. 51. stakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Á þessum svæðum skal ekkert höggva, nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

30.
júli.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra, að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn, er greiðast úr landssjóði.

7. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfje á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sjerstaklegar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhvers staðar horfir til stórskemda eða auðnar fyrir þá sök, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo farið verði fram á nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins til varnar eyðileggingu.

8. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sje gegn friðarákvæðunum í 1. gr. þessara laga. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðar ber málið undir stjórnarráðið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

9. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 5 til 100 kr. til landssjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem um almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínuborg, 30. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

relse, tilhørende private Ejendomme, hvilken Strækning da skal indhegnes. Paa disse Strækninger maa der da ikke hugges, undtagen paa Forstmesterens eller Skovfogedernes Foranstaltning. Nr. 51.
30.
Juli.

Saafermt Ejeren eller Brugeren kræver Erstatning for Afsavn af Strækningen, kan en saadan tilstaa ham efter uvillige Mænds Skøn.

§ 6.

Paa Forstmesterens eller Skovfogedernes Forlangende ere Repstyrerne pligtige til at ledsage dem paa deres Inspektionsrejser i den paagældende Rep for at blive bekendte med de af dem givne Forskrifter angaaende Behandlingen af Skov og Krat, med hvilken Repstyrerne har Opsyn. Paa disse Rejser erholde Repstyrerne 4 Kr. i Dagpenge, der udredes af Landskassen.

§ 7.

Ejere og Brugere af Jorder, paa hvilke der findes Skov eller Krat, skulle sørge for, at Faar saa lidt som muligt græsser i samme, særlig naar der ligger Sne og om Foraaet. Man skal paase, at Geder ikke græsse i Skov eller Krat paa nogen Tid af Aaret. Forstmesteren og Skovfogderne skulle paa deres Inspektionsrejser føre særligt Tilsyn med, hvorvidt Skov eller Krat bliver beskadiget paa Grund af Græsning, og i Fald der nogensteds er Fare for større Beskadigelser eller Ødelæggelser af den Grund, skal Forstmesteren indgive Beretning derom til Ministeriet, for at dette kan sørge for de nødvendige Lovgivningsforanstaltninger mod Ødelæggelsen.

§ 8.

Repstyrerne skulle indenfor hver Rep og Skovfogderne indenfor deres Distrikter føre Tilsyn med, hvorvidt de om Behandlingen af Skov og Krat givne Bestemmelser og Forskrifter overholdes, samt hvorvidt Fredningsbestemmelserne i denne Lovs § 11 overtrædes. Naar de bliver bekendt med en saadan Overtrædelse, skal de uopholdelig indgive Beretning derom til Forstmesteren, der indbringer Sagen for Ministeriet, som derefter træffer Bestemmelse om, hvad der videre skal foretages i Sagen.

§ 9.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder af fra 5—100 Kr., der tilfalder Landskassen. Sager i Anledning deraf behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.